

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2010

frá 1. mars 2010

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar framkvæmdarráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu, sem ætlaðar eru til manneldis, og um tilteknar reglur um opinbert eftirlit er varðar skoðun á kjöti ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1245/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2075/2005 að því er varðar notkun fljótandi pepsíns til að greina tríkínu í kjöti ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1246/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar framlengingu aðlögunartímabilsins sem veitt er stjórnendum matvælafyrirtækja sem flytja inn fisklýsi til manneldis ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 19.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21.

- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli⁽⁸⁾.
- 9) Að því er varðar I. kafla I. viðauka tekur ákvörðun þessi til Íslands að teknu tilliti til aðlögunarfrests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007⁽⁹⁾.
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 479/2007, 1243/2007, 1244/2007, 1245/2007, 1246/2007 og 1441/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hafi ekki allar tilkynningar borist þann dag, öðlast hún gildi daginn eftir að síðasta tilkynningin berst sameiginlegu EES-nefndinni. Beita skal ákvæðum ákvörðunar þessarar til bráðabirgða frá 1. mars 2010 þar til hún öðlast gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter
formaður.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 134. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 135. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 1.2 og 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 0479**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2007 frá 27. apríl 2007 (Stjtíð. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46),
 - **32007 R 1246**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1246/2007 frá 24. október 2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1243**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 frá 24. október 2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).“
4. Eftirfarandi bætist við í 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12).“
5. Eftirfarandi bætist við í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1245**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1245/2007 frá 24. október 2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 19).“
7. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12).“